

Alþingi  
Erindi nr. P 139/137  
komudagur 8.11.2010

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti  
150, Reykjavík



Reykjavík, 4. nóvember 2010

**Málefni: Þingsályktunartillaga um stofnun ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluferfiðleikum, sbr. þingskjal 25 – 25. mál.**

Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ) leggjast gegn stofnun ráðgjafarstofu fyrirtækja í greiðsluferfiðleikum. Slík stofnun verður í samkeppni við einkarekin ráðgjafarfyrirtæki og rekstur stofnunarinnar mun þenjast út vegna flækjustigs lánamála fyrirtækja – án þess að tilætluðu markmiði hennar verði náð.


SVÞ hefur skilning á þeim sjónarmiðum sem sett eru fram í ofangreindri þingsályktunartillögu um hvernig rétt sé að aðstoða fyrirtæki sem lent hafa í rekstrarvanda. Efnahagsaðstæður þjóðarinnar eru vissulega erfiðar.

SVÞ telja hins vegar varhugavert að álíta að sömu sjónarmið eigi við um skuldavanda heimila og fyrirtækja. Skuldamál fyrirtækja er almennt séð mun flóknari en núverandi skuldavandi heimila og þarf mikla sérfræðikunnáttu svo aðstoð komi að gagni. Þetta leiðir til þess að fyrirhuguð ráðgjafarstofa mun þurfa töluvert rekstrarfjármagn frá ríkissjóði og umfang stofnunarinnar verður án vafa meira en ætlað er í fyrstu.

Fjármálastofnanir hafa þegar hafið þá vinnu að greina skuldavanda allra sinna viðskiptavina enda fara hagsmunir banka og fyrirtækja saman. Slík samvinna byggir á trausti og er vandséð hvernig ný opinber stofnun getur komið að flóknum lánamálum fyrirtækja nema eftir mikla greiningarvinnu og samskipti við bæði hið skulduga fyrirtæki sem og fjármálastofnun. Þetta mun leiða til aukins flækjustigs sem kemur engum til góðs.

Á það skal hins vegar bent að gera verður miklar kröfur til fjármálastofnana um að þær veiti viðskiptavinum sínum bestu mögulegu þjónustu. Hugsanlegt er að fjármálakerfið hafi ekki ráðið við þá miklu lagalegu óvissu sem ríkt hefur síðustu misseri. Það er þessi óvissa – sem og alvarlegar afleiðingar efnahagshrunsins – sem hvað mestum skaða hefur valdið. Opinber stofnun sem að mörgu leyti líkist ráðgjafarstofu heimilanna mun ekki ná tilætluðu markmiði sínu.

Þá er enn fremur rétt að benda á að fjölmörg ráðgjafarfyrirtæki sérhæfa sig í lausnum á skuldavanda fyrirtækja og endurskipuiagningu þeirra. Opinber stofnun sem veitir ráðgjöf endurgjaldslaust mun án vafa skyggja á rekstur einkarekinna ráðgjafarfyrirtækja og jafnvel eyðileggja rekstrargrundvöll þeirra.

  
Andrés Magnússon  
Framkvæmdastjóri SVÞ